


HV 2026-30

ISSN 2298-9137

HAF- OG VATNARANNSÓKNIR

MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND



Efnasamsetning Þingvallavatns. Gögn frá árinu 2025

Eydís Salome Eiríksdóttir

HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

MARINE & FRESHWATER RESEARCH INSTITUTE

Efnasamsetning Þingvallavatns.
Gögn frá árinu 2025

Höfundur Eydís Salome Eiríksdóttir
Verkefnisstjóri Eydís Salome Eiríksdóttir
Samþykkt af Hrönn Egilsdóttir

Haf- og vatnarannsóknir / Marine and Freshwater Research in Iceland

Númer	HV 2026-30	ISSN	2298-9137
Dagsetning	26. ágúst 2026	Dreifing	Opin
Fjöldi síðna	28	Verknúmer	18193

© Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Ágrip

Í skýrslunni er fjallað um niðurstöður mælinga og efnagreininga á vatnssýnum sem safnað var í útfalli Þingvallavatns við Steingrímsstöð og lindunum Vellankötlu og Silfru á árunum 2019–2025. Niðurstöður ársins 2025 eru sambærilegar við eldri niðurstöður úr vöktuninni sem staðið hefur frá árinu 2007. Niðurstöðurnar voru notaðar til að flokka Þingvallavatn í samræmi við lög um stjórn vatnamála (nr. 36/2011) og benda þær til þess að vatnshlotið Þingvallavatn sé í mjög góðu ástandi m.t.t. eðlisefnafræðilegra gæðapátta. Samanburður við reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns benda til þess að vatnið sé í umhverfisflokki I og II. Verkefnið var styrkt af LIFE sjóði Evrópusambandsins, styrkur nr. 101147387.

Lykilorð: Efnavöktun, aðalefni, snefilefni, næringarefni, efnabúskapur, vatnsgæði, stjórn vatnamála, eðlisefnafræðilegir gæðapættir.

Abstract

This report presents the results of measurements and chemical analyzes of samples collected at the outlet of Þingvallavatn at Steingrímsstöð and the springs Vellankatla and Silfra 2019–2025. The results are compared with the results of the previous study period that has lasted since 2007. The results from 2025 were used to classify the lake according to criteria set forward in the water management act no. 36/2011 and they suggest that the water body is in high status with respect to physico-chemical quality elements. Classification of the lake according to the Icelandic regulation no. 796/1999 suggests that the lake water is in classes I and II. The project was supported by the EU LIFE programme no. 101147387.

Keywords: Water monitoring, major elements, trace elements, nutrients, lake chemistry, lake water quality.

Efnisyfirlit

Myndaskrá.....	i
Töfluskrá.....	ii
1 Inngangur.....	1
2 Eiginleikar vatnasviðsins	2
3 Framkvæmd vöktunar	4
3.1 Sýnataka.....	4
3.2 Meðhöndlun sýna og efnamælingar	5
4 Niðurstöður og umræður	6
4.1 Gæði niðurstaðna	6
4.2 Styrkur aðalefna.....	6
4.3 Styrkur næringarefna.....	7
4.4 Styrkur snefilefna.....	8
4.5 Samanburður við eldri gögn	9
4.6 Vatnsgæði í Þingvallavatni.....	10
5 Lokaorð	11
Þakkir	12
Heimildir	13
Viðauki.....	15

Myndaskrá

Mynd 1. Vatnasvið og staðsetningar sýnatökustaða í og við Þingvallavatn	3
Mynd 2. Sýnatökustaður í útfalli Þingvallavatns	16
Mynd 3. Styrkur aðalefna í útfalli Þingvallavatns 2019-2025	20
Mynd 4. Styrkur næringarefna í útfalli Þingvallavatns 2019-2025	21
Mynd 5. Styrkur snefilefna í útfalli Þingvallavatns 2019-2025.....	22
Mynd 6. Styrkur snefilefna í útfalli Þingvallavatns 2019-2025.....	23
Mynd 7. Niðurstöður mælinga í útfalli Þingvallavatns og í lindunum Silfru og Vellankötlum: pH, leiðni, aðalefni og næringarefni	24
Mynd 8. Niðurstöður mælinga í útfalli Þingvallavatns og í lindunum Silfru og Vellankötlum: snefilefni.....	25

Töfluskra

Tafla 1. Meðalefnasamsetning í útfalli Þingvallavatns og í lindunum Silfru og Vellankötlum (2007–2025 og fyrir árið 2025).	17
Tafla 2. Efnasamsetning vatnssýna úr útfalli Þingvallavatns og lindunum Silfru og Vellankötlum 2019–2025.....	18
Tafla 3. Efri umhverfismörk málma og næringarefna í hverjum umhverfisflokk.....	26
Tafla 4. Vatnsgæði í Þingvallavatni árið 2025	26
Tafla 5. Ástand Þingvallavatns m.t.t. eðlisefnafræðilegra gæðapátta	27
Tafla 6. Næmi efnagreiningaraðferða og hlutfallsleg skekkja mælinga.....	28

1 Inngangur

Vorið 2007 gerðu Umhverfisstofnun, Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur og Þjóðgarðurinn á Þingvöllum með sér samkomulag og samstarfssamning um vöktun á lífríki og vatnsgæðum Þingvallavatns. Vöktuninni var skipt í þrjá megin verkþætti og sáu Náttúrufræðistofa Kópavogs og Jarðvísindastofnun um vöktunarþætti í samræmi við samninga. Verkpættir og framkvæmdaraðilar voru eftirfarandi: 1. Efna- og eðlisþættir í írennsli og útfalli, Jarðvísindastofnun Háskólans, 2. Lífríkis-, efna- og eðlisþættir í vatnsbol, Náttúrufræðistofa Kópavogs og 3. Fiskistofnar, Veiðimálastofnun (nú Hafrannsóknastofnun).

Árið 2019 dró Umhverfisstofnun sig úr samstarfinu þegar vöktun samkvæmt stjórn vatnamála hófst í Þingvallavatni (Umhverfisstofnun 2019). Við það byrjaði nýr kafli í vöktuninni. Umhverfisstofnun gerði sérstaka samninga við Hafrannsóknastofnun og Náttúrufræðistofu Kópavogs um vöktun á eðlisefnafræðilegum gæðapáttum og forgangsefnum í vatninu (Eydís Salome Eiríksdóttir 2020; 2021; 2022; 2023; 2024). Á sama tíma gerðu Þingvallapjóðgarður, Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur, Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur með sér samstarfssamning um frekari vöktun á efnaþáttum, öðrum en þeim sem Umhverfisstofnun stóð fyrir, og lífríki í Þingvallavatni. Í kjölfarið gerðu Þingvallapjóðgarður og samstarfsaðilar samning við Hafrannsóknastofnun og Náttúrustofu Kópavogs um framkvæmd vöktunar. Framkvæmd efnavöktunarinnar var áður á vegum Jarðvísindastofnunar Háskólans og voru gefnar út árlegar skýrslur um niðurstöðurnar (t.d. Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2019) og var hluti þeirra birtur í grein í Náttúrufræðingnum árið 2020 (Eydís Salome Eiríksdóttir og Sigurður Reynir Gíslason 2020).

Verkefnið er skilgreindur verkhluti (T4.3.2) af verkefninu LIFE Icewater sem miðar að því að vakta efnasamsetningu vatnsins, sérstaklega með tilliti til eðlisefnafræðilegra gæðapátta og mengandi efna. Verkefnið er framkvæmt af Hafrannsóknastofnun en er fjármagnað af Umhverfis- og orkustofnun, Þingvallapjóðgarði og samstarfsaðilum (Þingvallapjóðgarður, Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur, Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur), auk þess sem það er styrkt af LIFE sjóði Evrópusambandsins nr. 101147387.

Í þessari skýrslu eru dregnar saman niðurstöður efnagreininga á sýnum sem tekin voru í útfalli Þingvallavatns af stíflu við inntak Steingrímsstöðvar og lindunum Silfru og Vellankötlu á árunum 2019–2025 (mynd 1).

Í skýrslunni er gerð grein fyrir öllum efnagögnum sem safnað var á tímabilinu, hvort sem þeirra var aflað fyrir Umhverfisstofnun eða Þingvallapjóðgarðinn og samstarfsaðila þeirra um vöktun Þingvallavatns. Það er gert til að samantektin sé sem heildstæðust. Sýnatökustaðir eru þeir sömu og á fyrra rannsóknatímabili (2007–2018) (Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2019; Eydís Salome

Eiríksdóttir og Sigurður Reynir Gíslason 2020). Niðurstöðurnar eru birtar í töflum og myndum og fjallað eru um þær í texta og þær m.a. bornar saman við eldri niðurstöður til að draga fram hvort breytingar hafi orðið á vöktunartímanum.


2 Eiginleikar vatnasviðsins

Þingvallavatn liggur í sigdalnum á Þingvöllum, þar sem hann sker grunnvatnsborðið. Vatnið er 84 km² að flatarmáli og er meðaldýpi um 34 m, en mesta dýpi er allt að 100 m (Árni Snorrason, 2002). Heildarrúmmál vatnsins er 3 km³ og meðalrennsli úr vatninu er um 100 m³/s. Viðstöðutími vatnsins í Þingvallavatni er því um 1 ár.

Meðalrennsli grunnvatns til vatnsins er um 90 m³/s en 5 m³/s af yfirborðsvatni renna í vatnið (Öxará, Villingavatnsá og Ölfusvatnsá). Auk þess fellur úrkoma sem nemur um 4 m³/s á vatnið (Árni Snorrason, 2002). Samkvæmt Árnýju E. Sveinbjörnsdóttur og Sigfúsi J. Johnsen (1992) er um 90% vatnsins upprunnið í lindum sem falla í norðanvert vatnið. Grunnvatnið sem kemur upp í lindunum, hefur runnið allt frá Langjökli og ber með sér uppleyst efni úr bergi og jarðvegi út í vatnið (Hákon Aðalsteinsson o.fl., 1992; Jón Ólafsson, 1992).

Hákon Aðalsteinsson og félagar (1992) telja að um 64% af innstreymi til vatnsins sé úr Silfru og um 20% úr Vellankötlum og öðrum lindum í Vatnsvíki. Freysteinn Sigurðsson og Guttormur Sigbjarnason (2002) telja hins vegar að lindarvatnið skiptist í þrjá meginstrauma; Almannagjárstraum (Silfra) 30 m³/s, Hrafnagjárstraum (Vellankatla) um 20 m³/s og Miðfellsstraum um 25 m³/s sem fellur í austanvert vatnið sunnan undan Miðfelli.

Auk leystra efna sem berast í vatnið með grunnvatnsstraumum berast sjávarættuð efni inn á vatnasviðið með úrkomu og önnur efni sem berast með yfirborðsvatni, sum vegna náttúrulegra ferla og önnur ekki. Óhvarfgjörn efni ferðast með vatnsmassanum að útfalli Þingvallavatns og berast til sjávar. Hvarfgjörn efni og næringarefni tefjast innan stöðuvatnsins vegna efnahvarfa og upptöku lífvera í vatninu.



VHM	Nafn	Vatnavið (km ²)	Þar af á jökli (km ²)
30	Þjórsá	7314	960
64	Ölfusá	5662	628
128	Norðurá	513	0
271	Sogið	1143	34
	Steingrímsstöð	949	34

Mynd 1. Vatnasvið og staðsetningar sýnatökustaða í og við Pingvallavatn

3 Framkvæmd vöktunar

3.1 Sýnataka

Sýni til rannsókna á efnasamsetningu Þingvallavatns voru tekin úr útfalli vatnsins af stíflu við Steingrímsstöð (64,13297 °N 21,02862 °V) (mynd 1). Sýnum var safnað mánaðarlega í útfallinu frá apríl til desember 2019, alls níu sýni, og fjórum sinnum á ári á árunum 2020-2025, á sama tíma og sýnum var safnað úr Þjórsá, Ölfusá og Sogi (Eydís Salome Eiríksdóttir og Svava Björk Þorlákssdóttir 2025). Framkvæmdin við söfnun og mælingar er sambærileg og verið hefur frá því að vöktun á svæðinu hófst árið 2007. Þau mistök voru gerð árið 2023 að það fórst fyrir að safna sýnum úr lindunum Silfru og Vellankötlu.

Vatnssýnum var safnað með því að kasta fötu í bandi af stíflu Steingrímsstöðvar (Mynd 2). Söfnunin var gerð af stíflu, þeim megin sem opið var fyrir loku stíflunnar til að tryggja hreyfingu á vatninu við söfnun. Fatan var skuluð vandlega með vatninu áður en hún var fyllt aftur til söfnunar vatnssýnis. Vatninu var hellt úr fötunni í brúsa sem áður hafði verið þvegin þrisvar sinnum með vatninu.

Mæling á sýrustigi (pH), leiðni og súrefnisstyrk/-mettun var gerð beint í vatninu á sama tíma og söfnunin fór fram. Mæling á pH var einnig gerð á rannsóknastofu. Sýnin voru síuð á staðnum með Cellulose Acetate síum með 0,2 µm möskvastærð, 142 mm í þvermál. Svokallaður „In-line“ síuhaldari úr teflon (Sartorius) var notaður til að sía sýnin og peristaltisk dæla (slöngudæla) var notuð til að dæla vatninu í gegnum síubúnaðinn. Áður voru flöskur hreinsaðar þrisvar sinnum með síuðu sýni til að minnka líkur á mengun við söfnun. Fyrst var síað í 300 ml og 60 ml brúnar glerflöskur fyrir mælingar á basavirkni/alkalinity og pH. Flöskurnar voru fylltar frá botni og upp til að minnka snertingu vatns við andrúmsloft. Að því loknu var síað í eina 200 ml PE plastflöskur til mælinga á næringarefnum (NO₃, NO₂, NH₄, PO₄, N-total og P-total), eina 100 ml PE plastflösku til mælinga á anjónum (Cl, F, SO₄) og síðast var vatn síað í 50 ml PE plastflösku sem var sérstaklega hreinsuð af efnagreiningaraðila, til mælinga á katjónum og snefilmálmum (SiO₂, Na, K, Ca, Mg, Al, Fe, B, Mn, Sr, As, Ba, Cd, Co, Cr, Cu, Ni, Pb, Zn, Hg, Mo, Ti, V). Í síðustu flöskuna var bætt 0,5 ml af fullsterkri hreinsaðri saltpétursýru (HNO₃). Vatnssýni til mælinga á heildarstyrk lífræns kolefnis (TOC, Total Organic Carbon) var ekki síað heldur var því hellt beint úr brúsanum í 30 ml glersýnaglas og í það var bætt 0,3 ml af fullsterkri saltsýru (HCl). Þegar komið var á rannsóknastofu voru næringarefnasýni sett í frysti og TOC sýni í kæli og þau send eins fljótt og auðið var til greininga í Danmörku og Svíþjóð. Önnur sýni voru geymd í myrkri við stofuhita þar til þau voru efnagreind.

3.2 Meðhöndlun sýna og efnamælingar

Efnagreiningar voru gerðar á Hafrannsóknastofnun, Jarðvísindastofnun Háskólans og hjá ALS í Svíþjóð og Danmörku.

Mælingar á leiðni og pH voru gerðar á söfnunarstað samtímis sýnasöfnun en einnig var pH mælt á rannsóknastofu samtímis mælingu á basavirkni. Basavirkni („alkalinity“) og pH var mælt með títrun og pH-rafskauti á Hafrannsóknastofnun að loknum söfnunarleiðangri. Endapunktur títrunar var ákvarðaður með Gran-falli (Stumm og Morgan, 1996).

Aðalefni og snefilefni voru mæld af ALS Scandinavia með ICP-AES (Inductively Coupled Plasma Atomic Emission Spectroscopy)¹, ICP-MS (Mass Spectrometry with Inductively Coupled Plasma)² og atómljómun; AF (Atomic Fluorescence)³. Styrkur flúors (F), klórs (Cl) og súlfats (SO₄) var mældur með anjónaskilju (Dionex IC2000) á Jarðvísindastofnun Háskólans sem kvörðuð var með VellAn innanhúss stöðlum. Innanhúss anjóna staðall var notaður við gæðaeftirlit (VellAn). Styrkur næringarefna var mældur með sjálfvirkum litrófsmæli (Autoanalyser)⁴ hjá ALS í Danmörku. Heildarstyrkur lífræns kolefnis (TOC) var einnig mældur hjá ALS í Danmörku⁵.

¹ SS EN ISO 11885: 2009 and US EPA Method 200.7: 1994

² SS EN ISO 17294- 2: 2016 and US EPA Method 200.8: 1994

³ SS EN ISO 17852: 2008.

⁴ DS/EN ISO 11732:2005; DS/ISO 29441:2010; DS/EN ISO 6878:2004

⁵ DS/EN 1484:1997

4 Niðurstöður og umræður

4.1 Gæði niðurstaðna

Næmni efnagreiningaraðferða og upplýsingar um efnagreiningaraðferðir eru í töflu 6. Þar koma einnig fram greiningarmörk/næmni (limit of quantification; LOQ) fyrir hvert efni.

Hægt er að leggja mat á gæði mælinga á aðalefnum eða hvort mælingar vanti á aðalefnum eða ráðandi efnasamböndum, með því að skoða hleðslujafnvægi í lausn (tafla 2). Ef öll aðalefni og ríkjandi efnasambönd eru greind og mólstyrkur þeirra er réttur er magn neikvæðra og jákvæðra hleðslna í vatninu jafnt. Hleðslujafnvægið (katjónir – anjónir) og hlutfallsleg skekkja er reiknað með eftirfarandi jöfnum:

$$\text{Hleðslujafnvægi} = (Na + K + 2 * Ca + 2 * Mg) - (Alkalinity + Cl + 2 * SO_4 + F) \quad (\text{jafna 1})$$

$$\text{Mismunur (\%)} = \frac{\text{Hleðslujafnvægi}}{(k \text{ at jónir} + \text{anjónir})} * 100 \quad (\text{jafna 2})$$

Mólstyrkur kalsíums, magnesíum og súlfats (Ca, Mg og SO₄) er margfaldaður með tveimur þar sem þær jónir eru tvígildar (Ca og Mg hafa tvær plúshleðslur og SO₄ hefur tvær mínushleðslur) og vega tvöfalt á við hinar aðaljónirnar sem notaðar eru til reikninganna (equivalent).

Mismunur katjóna og anjóna í þeim sýnum sem safnað var úr Þingvallavatni 2025 var að meðaltali 1,6 %. Það er sambærilegt við það sem verið hefur gert hefur verið grein fyrir í fyrri skýrslum Jarðvísindastofnunar (t.d. Eyðís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2019). Almenn mældist styrkur katjóna lítillega hærri en styrkur anjóna og getur það stafað af því að mögulega verður lítilsháttar afgösun á sýnum frá því þeim er safnað þangað til alkalinity (basavirkni) er mæld. Alkalinity í árvatninu er haldið uppi af bíkarbonat jónum, HCO₃ sem er sú anjón sem mest er af í vatninu. Lítilsháttar afgösun getur því valdið því að heildarstyrkur anjóna getur lækkað aðeins í vatnssýnunum.

4.2 Styrkur aðalefna


Til aðalefna í vatni teljast SiO₂, Na, K, Ca, Mg, SO₄, Cl, F og uppleyst ólífrænt kolefni (DIC – Dissolved Inorganic Carbon) sem er reiknað út frá mælingum á basavirkni. Meðaltal mælinga sem gerðar voru í útfalli Þingvallavatns, Silfru og Vellankötlu á eðlisfræðilegum þáttum og styrk aðalefna er sýndur í töflu 1 og niðurstöður einstakra mælinga frá 2019 til 2025 eru í töflu 2 og á mynd 3. Árið 2025 var leiðni í útfalli vatnsins stöðug frá 73–79 µS/cm og að meðaltali 75 µS/cm. Meðaltal leiðni á árunum 2007–2025 var 71 µS/cm. Leiðni er óbein mæling á styrk hlaðinna efna (jóna) í lausn. Stöðugleiki leiðni í vatninu bendir til að styrkur uppleystra aðalefna breytist lítið yfir árið, innan árstíða og á milli ára. Gildi pH árið 2025 voru 7,54–7,77 í útfallinu. Súrefnismettun vatns í útfallinu var frá 98 til 103% og styrkur súrefnis var frá 11,4 til 14,0 mg/l. Styrkur súrefnis var lægri að sumri en vetri vegna þess að leysni súrefnis í vatni minnkar með auknum vatnshita. Heildarmagn uppleystra efna (TDS) 2025 var frá 61–63 mg/l. Hlutfallslega er mest magn (mg/l) af

uppleystu kolefni (DIC í töflum 1 og 2) og þá koma í minnkandi röð $\text{SiO}_2 > \text{Na} > \text{Cl} > \text{Ca} > \text{SO}_4 > \text{Mg} > \text{K}$. Ef miðað er við fjölda móla (mól/l) breytist röðin og þá er mest af $\text{DIC} > \text{Na} > \text{SiO}_2 > \text{Cl} > \text{Ca} > \text{Mg} > \text{SO}_4 > \text{K}$.

Styrkur uppleystra aðalefna breytist lítið í útfalli Þingvallavatns eftir árstíðum. Efnin Na og Cl eru óhvarfgjörn efni sem taka lítið þátt í efnahvörfum í vatninu. Önnur efni (SiO_2 , Ca og Mg) eru hvarfgjarnari og geta fallið út eða verið tekin upp af lífverum í vatninu. Kísill (SiO_2) er aðalefni og er mikilvægt næringarefni fyrir kísilþörunga. Styrkur kísils ætti því að breytast eftir því hvernig frumframleiðni kísilþörunga er háttað. Það væri því viðbúið að sjá lækkun á styrk kísils á sumrin en hækkun á veturna þegar frumframleiðni er takmörkuð af sólarljósi. Það er hins vegar ekki að sjá neina árstíðabundna breytingu á kísilstyrk í Þingvallavatni árin 2019–2025. Hins vegar má sjá langtímabreytingar á styrk kísils á rannsóknartímabilinu frá 2007 til dagsins í dag (mynd 7) sem líklegast má skýra með mismunandi virkni kísilþörungasamfélaga á ólíkum tímabilum. Ástæðan fyrir því er ekki þekkt, en þó er þekkt að kísill einn og sér er ekki eina næringarefni fyrir kísilþörunga. Því getur verið um flókið samspil að ræða milli efna og frumframleiðandi lífveruhópa sem erfitt getur verið að útskýra.

4.3 Styrkur næringarefna

Meðalstyrkur næringarefna er sýndur í töflu 1 og niðurstöður mælinga á styrk næringarefna í einstökum sýnum eru í töflu 2 og á mynd 4. Ljóstillífandi lífverur (frumframleiðendur) þarfnast sólarljóss og næringarefna til vaxtar (jafna 3). Næringarefni sem þurfa að vera til staðar í miklu magni, auk kolefnis (C), eru köfnunarefni (N) og fosfór (P) og ef um kísilþörunga er að ræða, kísill (Si). Ef sólarljós, styrkur næringarefna og hiti er nægilegur er ljóstillífun samfelld, en ef eitt þeirra næringarefna sem nauðsynleg eru frumframleiðendum klárast úr umhverfinu, fara hópar þörunga að drepast, ljóstillífun minnkar og þörungarnir taka að brotna niður (jafna 3 gengur til vinstri). Við það skilast næringarefni aftur inn í vistkerfið (þá sem lífrænt, næringarefni bundin kolefni) og geta nýst öðrum frumframleiðendum eftir niðurbrot í ólífræn næringarefni. Þannig myndast hringrás næringarefna innan vistkerfa og aðeins hluti þeirra skolest út úr kerfinu með straumvötnum.



Ljós er grundvallar forsenda fyrir ljóstillífun og skortur á því hefur takmarkandi áhrif á hana. Þess vegna er ljóstillífun og upptaka næringarefna lítil á dimmasta tíma ársins. Þá er niðurbrot lífræns efnis hins vegar meira og því er styrkur uppleystra næringarefna í vatninu yfirleitt meiri að vetri en að sumri. En eins og áður kom fram nýtast þessi næringarefni ekki fyrr en ljós fer aukast.

Styrkur uppleysts ólífræns köfnunarefnis (NO_3 , NO_2 , NH_4) og heildarstyrkur köfnunarefnis (N-total) var alltaf lágur í útfalli vatnsins og oft undir greiningarmörkum aðferðarinnar í sýnum sem safnað var árið 2025. Styrkur fosfats (P-total og PO_4) í sýnum frá 2025 var hins vegar alltaf mælanlegur.

Mynd 4 sýnir styrk næringarefna 2019–2025. Þar má sjá að lítill munur er á heildarstyrk fosfórs (P-total) og ólífræns fosfats (PO_4). Munurinn á milli þessara tveggja mælipátta liggur í styrk lífrænna efnasambanda fosfórs. Það skýrist af því að hlutfallslega lítill hluti fosfórs er á lífrænu formi í útfalli Þingvallavatns, að meðaltali 4,68% af heildarstyrk fosfórs árið 2025 (Dissolved organic phosphorus, DOP; Tafla 1). Vöktun hefur leitt í ljós að almennt er mun meira af lífrænu köfnunarefni (DON) í útfalli Þingvallavatns en ólífrænu (DIN). Ef horft er framhjá grunsamlega háum mæligildum fyrir ammoníum (NH_4) í júlí 2021 og nitrats (NO_3) í desember sama ár (feitletruð í töflu 2), er lífrænt köfnunarefni að meðaltali um tvisvar sinnum hærra en ólífrænt. Það er í samræmi við niðurstöður eldri mælinga í Þingvallavatni (Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2019). Þennan mun á heildarstyrk fosfórs og köfnunarefnis og ólífrænna efnasambanda þeirra efna má sjá á tveimur neðstu gröfunum á mynd 4.

Hlutfallslega er mun meira af uppleystu fosfati (P) en köfnunarefni (N) í Þingvallavatni miðað við þörf ljóstillífanði lífvera (jafna 3). Það er í takt við niðurstöður annarra mælinga sem gerðar hafa verið á styrk næringarefna í vatni sem rennur af ungu, auðleystu basalti á eldvirka beltinu á Íslandi (sjá t.d. samantekt í Sigríður Magnea Óskarsdóttir o.fl. 2011). Það bendir til þess að frumframleiðni í Þingvallavatni sé takmörkuð af styrk köfnunarefnis (N) fremur en öðrum næringarefnum. Það endurspeglast einnig í því að styrkur köfnunarefnis er mjög lágur í útfalli Þingvallavatns, og oft undir greiningarmörkum, þar sem köfnunarefni er tekið upp úr vatnsfasa af frumframleiðandi lífverum á viðstöðutíma vatnsins. Það er hins vegar ekki raunin í lindarvatninu sem streymir inn í Þingvallavatn vegna þess að ekki gætir áhrifa af frumframleiðendum í lindum. Styrkur nitrats (NO_3) var að meðaltali 3,4 og 3,2 $\mu\text{mol/l}$ í Silfru og Vellankötlum (Tafla 1) á tímabilinu 2007–2025, sem er rúmlega 14 sinnum hærra en það sem mælist að meðaltali í útfallinu. Minna munar á styrk nitríts (NO_2) og ammóníums (NH_4) í innrennslinu og útfallinu.

Heildarstyrkur lífræns kolefnis (total organic carbon; TOC í töflu 2) var mældur í sýnunum en ekki styrkur lífræns kolefnis sem agnir (Particulate Organic Carbon; POC) og uppleyst lífrænt kolefni (DOC) eins gert var á árunum 2007–2019. Styrkur TOC var oftast undir greiningarmörkum árið 2019 en árið 2020 var notast við næmari efnagreiningatæki og þá fengust lægri greiningarmörk. Síðan þá hefur styrkur TOC oftast mælst yfir greiningarmörkum. Árið 2025 var styrkur TOC frá greiningarmörkum ($<0,10$) til 0,31 mg/l í útfallinu og að meðaltali 0,20 mg/l.

4.4 Styrkur snefilefna

Niðurstöður mælinga á styrk snefilefna í sýnum frá yfirstandandi rannsóknartímabili úr útfalli Þingvallavatns eru í töflu 2 og á myndum 5 og 6. Snefilefni eru efni sem eru í mjög litlu magni í vatninu og eru mörg hver nauðsynleg næringarefni fyrir lífverur í mjög litlu magni. Ólíklegt er þó að skortur á þeim fari að hamla framleiðni í Þingvallavatni miðað við það sem fram kemur í kafla 4.3 um næringarefni. Mikilvæg snefilefni fyrir frumframleiðni er t.d. járn (Fe), mangan (Mn), zink

(Zn), kopar (Cu) og bór (B). Sum snefilefni eru hins vegar eitruð lífverum t.d. kadmín (Cd), blý (Pb), kvikasilfur (Hg) og arsen (As) og mikilvægt er að fylgjast með styrk þeirra, því styrkur margra snefilefna getur aukist vegna mengunar af völdum manna. Langtímabreytileiki í styrk snefilefna er sýndur á mynd 8. Þar sést að ekki hafa orðið langtíma breytingar á styrk snefilefna í Þingvallavatni frá því rannsóknin hófst árið 2007. Fjallað er um mat á vatnsgæðum Þingvallavatns m.t.t. snefilefna í kafla 4.6.

4.5 Samanburður við eldri gögn

Á myndum 7 og 8 eru niðurstöður efnamælinga frá árunum 2019 til 2025 úr útfalli Þingvallavatns og úr lindunum Silfru og Vellankötlu settar með eldri mælingum (Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2019) inn á gröf til að hægt sé að gera sér grein fyrir hvort einhverjar breytingar hafa orðið á efnastyrk með tíma, sérstaklega hvað varðar það þegar framkvæmd efnavöktunarinnar færðist frá Jarðvísindastofnun yfir til Hafrannsóknastofnunar árið 2019. Það eru alltaf smávægilegar breytingar á efnastyrk en almennt skera gögn frá 2019–2025 sig ekki úr gagnasafninu, sérstaklega ekki hvað varðar aðalefni. Þó hafa orðið töluverðar breytingar á styrk uppleysts kísils (SiO_2) á rannsóknartímabilinu. Styrkurinn fór hægt lækkandi frá árinu 2007 til 2013, frá 2014 til 2017 varð lítil breyting á kísilstyrk, árið 2018 hækkaði styrkurinn lítillega en á árunum 2019 til 2021 varð mikil lækkun á kísilstyrk sem varð lægst að meðaltali 154 $\mu\text{mol/l}$. Það er 25% lægri styrkur en hæsti meðalstyrkur sem mældist á tímabilinu, árið 2007. Á tímabilinu 2021–2022 hækkaði styrkurinn en hækkaði aftur 2023–2024 og var að meðaltali 166 $\mu\text{S/cm}$ árið 2024. Meðalstyrkurinn var aðeins hærri árið 2025, 176 $\mu\text{mol/l}$. Sambærilegar breytingar á kísilstyrk sjást einnig í Sogi við Þrastarlund (Eydís Salome Eiríksdóttir og Svava Björk Þorláksdóttir 2024a). Ekki er fyllilega ljóst af hverju þessi breyting stafar en ekki er að sjá sambærilega breytingu í Silfru og Vellankötlu (mynd 7), Ölfusá, Þjórsá (Eydís Salome Eiríksdóttir og Svava Björk Þorláksdóttir 2024a) eða Norðurá (Eydís Salome Eiríksdóttir og Svava Björk Þorláksdóttir 2024b). Ekki er hægt að skýra þessa styrkbreytingu með breytingum á efnagreiningaraðferðum hjá ALS heldur benda gögnin til að um raunverulega breytingu á kísilstyrk í Þingvallavatni sé að ræða. Líklegast er að breytingin sé til komin vegna mismikillar upptöku kísilþörunga úr vatninu. Kísill er nauðsynlegt næringarefni fyrir kísilþörunga sem sem nota hann sem byggingarefni í skeljar sínar. Þess vegna má búast við að styrkur kísils í vatni sé hlutfallslega hár á tímabilum þegar framvinda kísilþörunga er lítil og hlutfallslega lágur ef framvinda kísilþörunga eykst.

Myndir 7 og 8 sýna að styrkur næringarefna er svipaður og verið hefur frá því að mælingar hófust árið 2007, en þó eru nýlegar mælingar á N-total og NH_4 lægri en í eldri mælingum, líklega vegna aukinnar nákvæmni í mælingum. Mælingar á NH_4 eru viðkvæmar og mengun á sér auðveldlega stað, bæði við söfnun og mælingu.

Styrkur snefilefna (mynd 8) er yfirleitt breytilegri en styrkur aðalefna, og skýrist það af því hve lágur styrkur þeirra er. Greiningartækni tekur sífelldum breytingum og tækin verða sífellt næmari.

Styrkur snefilefna er lágur í Þingvallavatni. Söfnun sýna fyrir snefilefnagreiningar og efnagreiningarnar sjálfar eru mjög krefjandi og lítið þarf út af að bregða til þess að sýnið mengist. Styrkur flestra snefilefna hafa tekið litlum breytingum í Þingvallavatni og lindunum yfir rannsóknartímabilið en þó eru alltaf eitt og eitt sýni sem sker sig úr gagnasafninu hvað varðar styrk snefilefna.

Mynd 7 og 8 eru gagnlegar til að draga fram þær breytingar sem verða á efnasamsetningu vatnsins frá því að það rennur um lindir til Þingvallavatns og þar til það fellur úr vatninu, áfram niður vatnasviðið. Þar sést t.d. að pH í lindunum er mun hærra en í útfalli vatnsins. Það skýrist af því að lindarvatn á Íslandi hefur almennt hátt pH gildi vegna mikilla efnahvarfa við berg í umhverfi sem er einangrað frá andrúmsloftinu. Myndir 7 og 8 sýna einnig að styrkur flestra aðalefna (Na, Ca, Cl, F og alkalinity (DIC)) eru svipuð í Silfru og í útfallinu, en lægri í Vellankötlu. Styrkur SiO₂, Mg og SO₄ eru sambærileg í báðum lindunum. Styrkur SiO₂ lækkar á viðstöðutíma vatnsins, vegna upptöku kísilþörunga, en styrkur Mg og SO₄ hækkar vegna ákomu þeirra efna á vatnið t.d. með úrkomu og vegna nálægðar við jarðhitasvæðið á Nesjavöllum og Hellisheiði. Mynd 7 sýnir að styrkur næringarefna er sambærilegur í lindunum Silfru og Vellankötlu og hærri en í útfalli Þingvallavatns. Það skýrist af næringarefnaupptöku ljóstillífanði lífvera í vatninu á dvalartíma vatnsins. Mynd 8 sýnir langtímabreytingar snefilefna í Silfru, Vellankötlu og útfalli Þingvallavatns. Þar sést að styrkur Fe, Mn, Sr, Cu, Ti og Mo er hærri í útfallinu en í lindunum. Styrkur Al er hins vegar lægri í útfallinu en í lindunum, líklega vegna þess hve leysni álsteinda er háð pH gildi vatnsins og lækkar með lækkandi pH. Styrkur vanadíns (V) er lítillega lægri í útfallinu en í lindunum en mest áberandi er munurinn á krómstyrk (Cr) í Silfru miðað við það sem mælist í Vellankötlu og útfalli Þingvallavatns. Styrkur Cr í Silfru er hár miðað við það sem annars mælist í ferskvatni á Íslandi (47,4 nmól/l; Tafla 1). Það leiðir til þess að krómstyrkur í Þingvallavatni er fremur hár (um 17,5 nmól/l). Ýmislegt hefur verið rætt varðandi það en helst þykir líklegt að vatnið renni um krómríkt berg og því til stuðnings hefur verið bent á að styrkur Cr í Hvítá í Borgarfirði er einnig hár (meðalstyrkur 23,6 nmól/l; Eyðís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2011). Vatnasvið Hvítár í Borgarfirði nær upp að Langjökli líkt og vatnasvið Þingvallavatns svo vatnið hefur hugsanlega runnið um sambærilegt berg á leið sinni niður vatnasviðið.

4.6 Vatnsgæði í Þingvallavatni

Niðurstöður mælinga á N og P total í útfalli Þingvallavatns árið 2025 bendir til þess að vatnið sé í umhverfisflokki I (næringarfátækt vatn) miðað við reglugerð nr. 796/1999 (töflur 3 og 4). Meðalstyrkur orthófosfats (PO₄) í vatninu liggur hins vegar mjög nálægt mörkum umhverfisflokka I og II en féll í umhverfisflokk I árið 2025. Mælingar á heildarstyrk lífræns kolefnis (Total Organic Carbon, TOC) í útfallinu fellur í umhverfisflokk I miðað við TOC í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, en hann mældist að meðaltali 0,195 mg/l árið 2025. Mat á gæðum vatns í Þingvallavatni árið 2025, byggt á þungmálmum, bendir til að vatnið sé í umhverfisflokki I miðað

við efnin As, Cd, Cu, Ni, Pb og Zn en eftir sem áður fellur styrkur Cr fellur í flokk II í reglugerð nr. 796/1999. Áður hefur verið bent á að styrkur Cr í Þingvallavatni er óvenju hár miðað við styrk þess í öðru ferskvatni á Íslandi (Tafla 1), eins og greint er frá í kafla 4.5.

Árið 2011 voru sett lög á Alþingi um stjórn vatnamála, nr. 36/2011, og á grundvelli þeirra reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun sem og reglugerð um stjórn vatnamála nr. 935/2011. Meginmarkmið lagarammans er að vernda vatn og vatnavistkerfi og tryggja gæði vatns til lengri tíma. Samkvæmt lögunum hafa verið sett fram viðmið til að nota við ástandsflokkun m.t.t. lífríkis og eðlisefnafræði vatnanna (Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2020). Niðurstöður þeirra mælinga sem kynntar eru í þessari skýrslu nýtast til að meta ástand Þingvallavatns m.t.t. eðlisefnafræðilegra gæðapátta; ársmeðaltali mælinga á pH, rafleiðni (leiðni), alkalinity (basavirkni) og styrks uppleystu næringarefnanna NO_3 , PO_4 og NH_4 . Meðaltal mælinga í útfalli Þingvallavatns (tafla 1) var notað ásamt þeim viðmiðunum sem birtar hafa verið til ástandsflokkunar straum- og stöðuvatna (Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2020) og benda niðurstöðurnar til að Þingvallavatn sé í mjög góðu ástandi (náttúrulegu ástandi) m.t.t. eðlisefnafræðilegra gæðapátta (tafla 5).

5 Lokaorð

Í þessari skýrslu eru teknar saman niðurstöður mælinga og efnagreiningar á sýnum úr Þingvallavatni frá árinu 2019–2025. Sýnunum var safnað mánaðarlega frá mars til desember 2019 en fjórum sinnum á ári á tímabilunum 2007–2018 og 2020–2025; að vori, sumri, hausti og vetri, á sama tíma og sýnum var safnað úr Þjórsá, Ölfusá og Sogi. Sýnum hefur verið safnað nær árlega úr lindunum Silfru og Vellankötlu síðan árið 2007 en það fórst fyrir árið 2023.

